

Aldurs- og starfsaldursmörk í raunfærnimati

Í reglugerð 1163/2011 kemur fram að raunfærnimat sé einkum ætlað fólki sem hefur verið á vinnumarkaði í a.m.k. þrjú ár og náð 23ja ára aldri að lágmarki. Í sumum tilvikum hafa verið settar hærri kröfur um aldur og starfsaldur t.d. í iðngreinum. Nýlega ákvað stjórn IÐUNNAR- fræðsluseturs að lækka viðmið fyrir iðngreinar sem hún hefur umsýslu með og miða við þriggja ára starfsreynslu og 23ja ára lífaldur.

Samhliða þeirri breytingu sendi FA fyrirspurn til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um þessi mörk og í svari þeirra kemur fram að ráðuneytið telji eðlilegt að viðmiðum í reglugerð verði fylgt. FA mun hafa frumkvæði að því að taka upp málið í þeim tilvikum þar sem mörk eru hærri en ákvæði reglugerðar.

Kynningarmyndbönd um raunfærnimat

Á vefslóðinni <http://framhaldsfræðsla.is/raunfaernimat> er að finna nýtt kynningarmyndband um raunfærnimat. Það er fjögurra mínútna langt og er ætlað til að kynna hvað raunfærnimat er og hvernig það fer fram. Rætt er við einstaklinga sem hafa farið í gegnum ferlið. Myndbandið er einnig til með ensku tali og textað.



Öllum er heimilt að nýta sér þetta kynningarefni og er æskilegt að það fari sem víðast. Við óskum eftir því að þegar það er notað sé það gert með því að vísa á það annaðhvort á vef framhaldsfræðslunnar eða á vefnum Næsta skref (kemur fljótlega þar inn). Myndbandið er unnið með styrk frá EPALE.

Evrópuráðstefna (Biennale) um raunfærnimat í apríl 2017

Ráðstefnan verður haldin 26. og 27. apríl í Aarhus í Danmörku. Þetta er í annað sinn sem Evrópuráðstefna af þessu tagi er haldin og gert er ráð fyrir 200 til 300 þátttakendum. Efnisleg áhersla verður á framkvæmd raunfærnimats og rannsóknir og kemur FA að undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar með setu í netverki NVL um raunfærnimat <http://nvl.org/validering>.



Að hluta mun dagskráin byggja á stuttum erindum og umræðum. Ef þið teljið ykkur hafa innlegg á ráðstefnuna (erindi, verkefni, framkvæmd, rannsóknir eða annað), endilega sendið okkur (Hauki eða Fjólu) ábendingu. Við munum þá koma því áfram til frekari skoðunar en dagskráin verður ákveðin í september. Sem dæmi um efnisflokka sem áhersla verður lögð á eru færnikröfur atvinnulífs, EQF/NQF, flóttamenn og ráðgjöf. Hlekkur á vefsíðu og skráningu kemur fljótlega.

Næsta námskeið

Næsta námskeið um raunfærnimat verður haldið hjá FA 24. til 25. ágúst. Námskeiðið er ætlað matsaðilum, náms- og starfsráðgjöfum og verkefnisstjórum sem koma að raunfærnimatsverkefnum. Ekkert námskeiðsgjald er greitt en FA greiðir hvorki fyrir ferðir né upphald þátttakenda. Framkvæmd er háð því að nægileg þátttaka fái. Skráning fer fram hjá Steinunni á netfanginu steinunn@frae.is

Gleðilegt sumar
Fjóla, Gígja, Steinunn og Haukur

